landshöfðingjaúrskurði að greiða fyrir hönd framfærsluhrepps stúlkunnar, er hjermeð úrskurðað, að Lýtingsstaðahreppi beri eigi að endurgjalda Eyrarbakkahreppi hinar umræddu 71 kr. 75 au. **55** 5. maí

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar og er jafnframt eptir ósk yðar endursent brjef það frá prestinum á Mælifelli, sem fylgdi áðurgreindu brjefi yðar.

Brjef stjórnarráðsins *til allra sýslumanna og bæjarfógeta* **um innheimtu á landsjóðstekjum.** Með því að stjórnarráðið hefir í hyggju að koma tekjum landssjóðs á vöxtu frekar en hingað til hefir verið gjört, er því umhugað um, að allar greiðslur á tekjum landssjóðsins gangi sem greiðast; er það því hjer með lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að flýta innborgunum í landssjóð á gjöldum hans og greiða þau eins og fyrir er skipað í reglugjörð um opinber reikningsskil o. fl. 13. febrúar 1873, jafnóðum og þau verða innheimt. **56** 20. maí

Sjerstaklega finnur stjórnarráðið ástæðu til að taka fram að því er snertir innheimtu á tolli af aðfluttum vörum, að sá kaupmaður, er fengið hefir frest á greiðslu á tolli samkvæmt fyrirmælum laga um tollgreiðslu 22. maí 1890, hann á að greiða toll þennan í peningum, en hefir ekki rjett til að greiða hann með ávísun á útlend verzlunarhús. Í öðru lagi tekur stjórnarráðið fram, að í seinni tíð hefir það komið fyrir hvað eftir annað, að neitað hafi verið að innleysa ávísanir, er lögreglustjórarnir hafa fengið fyrir tollgjöldum landssjóðs. Finnur stjórnarráðið því ástæðu til að leiða athygli lögreglustjóranna að því, að samkv. 2. gr. í tolllögum 8. nóv. 1901 á þvíað eins að taka gildar ávísanir til greiðslu á tolltekjum landssjóðs, að tollgreiðandinn sýni nægileg skilríki fyrir því, að ávísunin verði greidd. Hafi lögreglustjóri vanrækt þetta, verður hann sjálfur að bera ábyrgð á drættinum, en á hinn bóginn verður stjórnarráðið að taka fram, að engin önnur skilríki fyrir þvíað, ávísunin verði greidd, virðast nægileg, en að hlutaðeigandi tollgreiðandi afhendi lögreglustjóra vottorð frá þeim, er ávísunin er stýluð á, um að hann skuldbindi sig til að innleysa þær ávísanir, er tollgreiðandinn gefur út á hann til greiðslu á tollgjöldum, enda sje sá, sem innleysa á ávísunina, viðurkenndur sem áreiðanlegur borgunarmaður.

Auglýsing. **57**

Með því að 1. þingmaður Eyfirðinga, landritari Kl. Jónsson r. af Dbr., hefir afsalað sjer þingmennsku með brjefi, dagsettu 6. þ. m., er hjermeð samkvæmt 54. gr. laga nr. 18 frá 3. október 1903 um kosningar til alþingis fyrirskipað, að kosning skuli fram fara 10. september næstkomandi á þingmanni í stað herra Kl. Jónssonar fyrir þann þingmennskutíma, er hann átti eptir. 24. maí

57 24. maí

Þetta er hjermeð birt öllum hlutaðeigendum og jafnframt lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna.

Í stjórnarráði Íslands, 25. maí 1904.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

58 24. maí

Reglugjörð

um túngirðingar.

1. gr.

Gaddavírsgirðingar þær, er landssjóður leggur fram fje til að kaupa efnið í, samkvæmt lögum um túngirðingar, dags. 19. des. 1903, skulu vera svo sem segir í eptirfarandi greinum.

2. gr.

Gaddavírinn skal vera galvaníseraður, fjóryddur og 4—5 þuml. bil milli gadda.

Járnteinarnir skulu vera galvaníseraðir, sívalir, ekki rírari en $^3/_8$ þuml. að þvermáli. Teinarnir skulu vera í 5 lengdum 65 þuml., 52 þuml., 42 þuml., 33 þuml. og 24 þuml..

Járnstólparnir skulu vera galvaníseraðir og mun sterkari en teinarnir. Þeir skulu vera annaðhvort vinkilbeygðir eptir endilögu til að standa í jörðu, 65 þuml. langir, eða flatir til að festast í steina, 43 þuml. langir.

Máttarstólparnir, sem ætlaðir eru til að strengja vírinn við og styðja girðingarnar skulu vera með styttum, þarsem þess er þörf og leggur sá þá til, er girðingarefnisins hefir óskað, enda ræður hann, hvert efni til þeirra er notað.

Járnteinar, járnstólpar og máttarstólpar, heita einu nafni stuðlar (sbr. 9. gr. laganna).

3. gr.

Gaddavírsgirðing á jafnsljettu skal vera með 5 strengjum. Neðsti strengurinn skal hvervetna vera 7 þuml. frá jörð. annar strengurinn 13 þuml., þriðji strengurinn 21 þuml., fjórði strengurinn 29 þuml. og 5 strengurinn 42 þuml. frá jörðu. Sjeu hæðir nokkrar svo nærri girðingunni að skepnur geti stokkið af þeim yfir hana, þá skal nema þær burtu. Liggi aptur laut svo nærri girðingunni, að kind geti þaðan komizt undir neðsta strenginn, þá skal fylla hana upp.